

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 422/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Einari Erni Sigurðssyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Refsiákvörðun. Umferðarlög. Ávana- og fíkniefni. Líkamsárás. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 15. desember 1995 með vísan til a- og b-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á ákvæðum héraðsdóms um skilorðsrof og þar með á ákvörðun refsingar og annarra viðurlaga.

Ákærði krefst þess, að refsíákvörðun héraðsdóms verði breytt þannig, að skilorð fyrri dóms haldi sér og refsing vegna ákæruskjala 6. og 27. nóvember 1995 verði milduð verulega og skilorðsbundin í heild eða að hluta.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Einar Örn Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostn-
að málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000
krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar
Georgssonar hæstaréttarlögmans, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. nóvember 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 30. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu

Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 1117/1995: Ákærvaldið gegn Einari Erni Sigurðssyni, sem tekið var samdægurs til dóms.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettum 6. og 27. nóvember sl., gegn ákærða Einari Erni Sigurðssyni, kt. 090674-4989, Tjarnarmýri 16, Seltjarnarnesi.

Með ákæru 6. nóvember sl. er ákærða gert að sök:

„I. að hafa haft laugardaginn 20. ágúst 1994 í fórum sínum 0,6 gr af hassi, þegar lögreglan hafði afskipti af honum á bifreiðastæði að Strandaseli 7 í Reykjavík,

II. að aka bifreiðinni R-73271 að kvöldi fimmtudagsins 16. mars 1995, sviptur ökurétti, frá húsi við Laugaveg í Reykjavík að heimili sínu og þaðan föstudaginn 17. mars um ýmsar götur, uns akstri lauk á Laugavegi við hús nr. 118,

III. að aka bifreiðinni PZ-546 aðfaranótt þriðjudagsins 16. maí 1995, sviptur ökurétti, frá húsi við Laugaveg í Reykjavík um ýmsar götur, uns akstri lauk við Brautarholt 22 í Reykjavík,

IV. að aka bifreiðinni GM-492 aðfaranótt sunnudagsins 21. maí 1995 undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti, frá húsi við Laugaveg í Reykjavík um ýmsar götur, uns lögregla stöðvaði aksturinn á Miklubraut við Kringluna.

Liður I telst varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 64/1986, liður II, III og IV við 1. mgr. 48. gr. og liður IV að auki við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. I. nr. 44/1993, og til þess að sæta upptöku á 0,6 gr af hassi, sbr. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.“

Með ákæru 27. nóvember sl. er ákærða gert að sök:

„I. að ráðast að Reyni Björnssyni, kt. 280372-5799, þar sem þeir voru staddir á Laugavegi í Reykjavík við hús nr. 30 b aðfaranótt laugardagsins 20. maí 1995, skalla hann í höfuð og slá hann síðan nokkur högg með hnefunum í höfuð, eftir að Reynir hafði fallið í götuna, með þeim afleiðingum, að Reynir rotaðist og hlaut bólgu á enni, hnakka og bak við eyru og mar og eymсли víðar um líkamann,

II. að aka bifreiðinni R-80243 að morgni sunnudagsins 16. júlí 1995, sviptur ökurétti, frá Fellsmúla 22 í Reykjavík að Miklubraut 16.

Liður I telst varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, og liður II við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Einnig krefst Reynir Björnsson skaðabóta úr hendi ákærða, að fjárhæð 9.658 kr.“

Málavöxtum er rétt lýst í ákærum.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þau brot, sem hann er sakaður um í framangreindum ákærum.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1990 hlotið 11 refsisdóma, aðallega fyrir ýmis hegningarlagabrot, en dómarnir hafa verið bæði skilorðsbundnir og óskilorðsbundnir eða skilorðsbundnir að hluta. Þá hefur ákærði fjórum sinnum gengist með sátt undir greiðslu sekta fyrir ýmis brot. Með dómi 17. mars sl. var felld úr gildi sátt, sem gerð var við ákærða hjá lögreglustjóranum í Reykjavík 13. apríl 1993 vegna ölvunar við akstur, en ákærði greiddi ekki sekt þá, sem honum var gerð með sáttinni. Með dóminum var ákærði sviptur ökurétti þrjá mánuði frá 13. apríl 1993 að telja, en við uppkvaðningu dómsins hafði ákærði þegar lokið sviptingartímanum. Með dómi 14. desember sama ár var hann dæmdur í tíu mánaða fangelsi fyrir þjófnað, skjalafals, ólögmeta meðferð fundins fjár og ölvun og réttindaleysi við akstur. Í maí 1994 var honum veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 311 dögum. Hinn 22. desember sama ár var ákærði dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir þjófnað, og var refsingin skilorðsbundin í fimm ár. Þar sem ákærði hafði með þjófnaðarbroti sínu rofið framangreinda reynslulausn, var hún dæmd upp með dóminum. Forsendur dómsins fyrir skilorðsbindingunni eru meðal annars reistar á þeim rökum, að brot ákærða hafi ekki verið stórvægilegt og ekki leitt af sér tjón, svo og á því, að ákærði hafði farið í áfengismeðferð og hafði atvinnu. Með dómi þessum er ljóst, að ákærða var gefið tækifæri til að feta hinn þrönga veg, halda sig frá afbrotum. Í stað þess að fara að skilorði dómsins rauf ákærði það og hóf afbrot að nýju. Eru öll brotin, sem hér eru til meðferðar, að undanskildu brotinu í I. kafla ákæru frá 6. nóvember sl., rof á framangreindum skilorðsdómi. Þá er brot hans gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem getið er í I. kafla ákæru frá 27. nóvember, hið þriðja sinnar tegundar, en í desember 1990 og október 1992 var hann dæmdur fyrir sams konar brot. Ber því nú skv. 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem ákærði var sakfelldur fyrir í dóminum frá 22. desember sl., og þau brot, sem hér eru til meðferðar. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 14 mánaða fangelsi. Ekki kemur til álita að skil orðsbinda refsingu ákærða,

þegar litið er til sakaferils hans og þess, að hann hefur rofið skilorð með framangreindum hætti.

Þá hefur ákærði unnið sér til sviptingar ökuréttar, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Með ölvunarakstri sínum hefur ákærði ítrekað brot sitt og ber því samkvæmt 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga að svipta hann ökurétti ævilangt frá 30. nóvember 1995 að telja.

Reynir Björnsson, Garðarsbraut 83, Húsavík, hefur lagt fram skaðabóta-kröfu á hendur ákærða vegna líkamsárásar ákærða, að fjárhæð 9.658 krónur, vegna læknisrannsóknar, fatahreinsunar og fataskemmda. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, sem er mjög í hóf stillt, og verður hann því dæmdur til greiðslu hennar.

Ákærði sæti upptöku á 0,6 g af hassi samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin þóknun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Örn Sigurðsson, sæti 14 mánaða fangelsi.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt frá 30. nóvember 1995 að telja.

Ákærði greiði Reyni Björnssyni, Garðarsbraut 83, Húsavík, skaðabætur, 9.658 krónur.

Ákærði sæti upptöku á 0,6 g af hassi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin þóknun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.